

Dreifibréf 9/2002/LS

Lyfjastofnun vill að gefnu tilefni árétta við lyfsölu leyfishafa og starfsfólk lyfjabúða að ekki er heimilt að taka við lyfjum frá viðskiptavinum nema til eyðingar.

Undanfarið hefur nokkuð borið á því að viðskiptavinir lyfjabúða hafi komið með óátekna lyfjapakkingar sem þeir hafa ekki þurft að nota og óskað eftir endurgreiðslu.

Lyfjabúð er síðasti hlekkurinn í keðju sem nær frá framleiðanda lyfs til notanda. Lyfjabúðum er aðeins heimilt að selja og afhenda lyf sem keypt hafa verið inn frá aðila sem leyfi hefur til sölu lyfja til að tryggja að neytendur fái lyf, sem geymd hafa verið á réttan hátt þannig að gæði þeirra séu tryggð. Við afgreiðslu á lyfjum úr lyfjabúð tekur lyfjabúðin á sig þá ábyrgð að lyfin hafi verið rétt meðhöndluð frá móttöku þar til þau eru afhent viðskiptavini. Um leið og lyf hefur verið afhent viðskiptavini er það komið út fyrir ábyrgðarsvæði lyfjabúðar sem getur því ekki ábyrgst gæði þess.

Lyfjabúðum er skylt, skv. 23. gr. reglugerðar nr. 91/2001 um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja, að taka við lyfjum, sem afgreidd hafa verið úr lyfjabúð og koma til eyðingar án endurgjalds.

Lyf sem skilað er í lyfjabúð skulu því ekki endurseld heldur í öllum tilfellum send til eyðingar.

Lyfjastofnun